

23. febrúar 1987

121

Nr. 75

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 2% frá 1. mars 1987 að telja, frá því sem þær eru 28. febrúar 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. febrúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

13. febrúar 1987

Nr. 76

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur sbr. samþykkt nr. 386/1984.

1. gr.

Gjald vegna undanþágu til hundahalds sbr. síðasta staflíð 2. málsg. samþykktar um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur nr. 386/1984, skal vera kr. 450,00 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1987 til jafnlengdar 1988. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið fyrir eindaga, sem er 1. apríl 1987.

2. gr.

Ofangreind samþykkt borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. febrúar 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

B 9